

11. júlí 1964 til 21/12 1964, en 7% af kr. 46.980.00 frá þeim tíma til 1/1 1965 og 6% ársvexti frá þeim tíma til greiðsludags. Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 11.500.00.

Dóm þenna kvað upp Kristján Jónsson borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, Haraldur Böðvarsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði stefnanda, Margréti Sigríði Guðjónsdóttur, in solidum kr. 46.980.00 auk 7% ársvaxta af kr. 61.980.00 frá 11. júlí 1964 til 21/12 '64 og 7% af kr. 46.980.00 frá þeim tíma til 1/1 '65 og 6% ársvexti frá þeim tíma til greiðsludags og kr. 11.500.00 í málskostnað. Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. apríl 1966.

Nr. 210/1965. **Ingvar Vilhjálmsson f. h. eigenda**
v/s Rífsness, RE 272, (Ágúst Fjeldsted hrl.)
gegn
Hafsteini Jóhannssyni f. h. eigenda og áhafnar
v/b Eldingar og gagnsök
(Tómas Árnason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theódór B. Lindal.

Björgun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1965 og krafizt þess, að honum verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda einungis kr. 25.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 12. ágúst 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en málskostnaður í héraði og hér fyrir dómi falli niður.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu með stefnu 14. desember 1965, krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 532.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 12. ágúst 1964 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að ársvextir verði 7% frá 1. janúar 1966 til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað hér fyrir dómi, kr. 22.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Ingvar Vilhjálmsson f. h. eigenda v/s Rifsness, RE 272, greiði gagnáfrýjanda, Hafsteini Jóhannssyni f. h. eiganda og áhafnar v/b Eldingar, kr. 150.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 12. ágúst 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 44.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 17. nóv. 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. f. m., hefur Hafsteinn Jóhannsson, Narfastðum í Melasveit, fyrir sína hönd og áhafnar m/b Eldingar höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 16. marz 1965, á hendur Ingvari Vilhjálmsyni, útgerðarmanni í Reykjavík, vegna eigenda m/s Rifsness, RE 272, til greiðslu björgunarlauna að fjárhæð kr. 532.000.00 með 7% ársvöxtum frá 12. ágúst 1964 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefnandi hefur krafizt sjóveðréttar í nefndu skipi til tryggingar fjárkröfum sínum, en við hinn munnlega flutning málsins féll hann frá þeirri kröfu sinni.

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en engar sjálfstæðar kröfur hafa verið hafðar uppi gegn því, og hefur félagið heldur eigi gert kröfur í málinu.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnanda kr. 25.000.00 án vaxta, svo og hefur hann krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málsatvik eru þau, að hinn 11. ágúst 1964, um kl. 2215, var m/s Rifsnes að síldveiðum um 34 sjómíllur SA frá Dalatanga. Kastaði skipið síldarnót sinni, en hún lenti í skrúfu þess og festist þar með þeim afleiðingum, að vél skipsins stöðvaðist. Hafði skipið þá samband við m/b Eldingu, sem var stutt á Skálavík (sic) í Seyðisfirði, og beiddist aðstoðar þess við að ná nótinni úr skrúfunni. Um kl. 0430 aðfaranótt 12. ágúst var m/b Elding komin að m/s Rifsnesi. Skipstjórinn á m/b Eldingu, stefnandi Hafsteinn, kafaði í froskmannsbúningi og skar nótina úr skrúfu m/s Rifsness, og var því verki lokið um kl. 0530. Fór þá vél skipsins að vinna með eðlilegum hætti, og var skipið þegar ferðafært. Er atburður þessi átti sér stað, var logn og þoka.

Hafsteinn Jóhannsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að garn nótarinnar hafi verið mjög herpt að skrúfunni og skrúfugatið hafi verið fullt, en enginn vír hafi verið þar fastur. Kvað hann garnið hafa verið svo herpt, að ekki hafi verið mögulegt að skera það úr nema fyrstu vafningana, heldur hafi hann orðið að leggja sveðju, er hann hafði að verkfæri, á garnið og síðan slegið á hana með slaghamri og þannig höggvið garnið burt. Slaghamarinn hafi hann fengið að láni hjá skipverjum m/s Rifsness. Hann kvaðst álíta, að skrúfuöxull m/s Rifsness hafi í umrætt sinn verið ca. 3 metra undir sjávarborði. Hann kveðst telja útilokað, að skipverjar á m/s Rifsnesi hefðu getað losað nótina sjálfir úr skrúfunni. Þótt nótin hefði verið skorin frá, taldi hann óvíst, að hægt hefði verið að hreyfa skrúfuna. Og jafnvel þótt skrúfan hefði getað snúist, þá hafi svo mikið garn verið í henni, að skrúfublöðin hafi engan skurð haft. Hann kvað með sér á Eldingu hafa verið Einar S. Sigurðsson, þá 15 ára að aldri.

Ibsen Angantýsson, skipstjóri á m/s Rifsnesi, hefur skýrt svo frá, að hann hafi eigi vitað, hvernig nótin hafi verið föst í skrúfunni og vildi því ekki vefengja skýrslu Hafsteins þar um. Hann kvaðst þó álíta, að þeir á m/s Rifsnesi hefðu getað náð nótinni úr skrúfunni, en ekki reynt til þess vegna hættu á, að hún mundi rifna meira. Kvað hann þá þannig mundu hafa farið að, að þeir hefðu strekkt á nótinni, þannig að komið hefðu fram þeir búskar á henni, sem fastir voru. Þá hefðu þeir skorið frá og reynt að hífa þá úr með afli spilsins. Slíkt hefðu þeir gert áður

og gefizt vel. Kvað hann gírskrúfu vera á skipinu. Hann kvað þá skipverja hafa lánað Hafsteini slaghamar og einnig hafi þeir hjálpað honum til að brýna sveðjuna. Um borð í skipinu kvað hann hafa verið seglabúnað, fokku, þríhyrnu og messa, en hann kvaðst ekki geta sagt um það, hvernig skipið sigldi með þeim seglum. Skipstjórinn kvaðst ekki geta um það sagt, hvort hægt hefði verið að törna vélinni.

Kristófer Jóhannesson, skipverji á m/s Rifsnesi, skýrði svo frá, að hann áltí þá skipverjana mundu hafa getað losað sjálfir nótina úr skrúfunni. Mundu þeir þá hafa reynt það með því að nota spil skipsins, en hvort það hefði verið hægt, kvaðst hann ekki geta um sagt. Hann kvað vera hægt að törna vélinni með því að hafa hana í hlutlausu og spenna járn milli bolta á öxultengingu. Hvort slíkt hefði tekizt í hér um rætt skipti, kvaðst hann ekki vita, og tók hann fram, að hann hefði aldrei törnað vélinni á m/s Rifsnesi. Þá tók hann og fram, að ekki sé hægt að törna vél, nema skrúfan sé létt. Ástæðuna fyrir því, að ekki hafi verið reynt að ná nótinni með krafti spilsins í umrætt skipti, kvað hann hafa verið þá, að þeir hafi ekki viljað ofreyna gírinn.

Samkvæmt vottorði frá Veðurstofu Íslands var veður á Dalatanga 12. ágúst 1964 sem hér segir: Kl. 0300 logn og skýjað, milli kl. 0600 og 0900 ESE 3 vindstig og kl. 1200 logn og þoka. Er á daginn leið, jókst veðurhæð og var komin upp í 4 vindstig um miðnætti, en áttir voru NE og ENE. Dagana 13.—15. ágúst var veðurhæð 6, 5 og 6 vindstig og áttir NNE, NW og WNW. Á Kambanesi var veðurhæð 2 og 3 vindstig hinn 12. ágúst og vindátt E, en næstu 3 dagana þar á eftir var veðurhæð um 4 vindstig. Vindátt var þá E nema hinn 15. ágúst, er hún var N. Sjólag var þannig samkvæmt sama vottorði, að á Dalatanga var sjólítið hinn 12. ágúst, en næstu dagana dálítill sjór. Á Kambanesi var yfirleitt sjólítið alla dagana.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á því, að hjálp sú, er hann veitti m/s Rifsnesi í umrætt sinn, hafi verið björgun í merkingu siglingalaga. Vél skipsins hafi algerlega verið ónothæf og útilokað hafi verið fyrir skipverja að losa nótina úr skrúfu skipsins. Það megi því telja fullvíst, að m/s Rifsnes hefði eigi getað komizt til lands af eigin rammleik. Er björgunin fór fram, hafi verið hægviðri og þoka, en hins vegar hafi verið kominn norðan kaldi, er kom fram á daginn 12. ágúst, og næstu daga hafi verið 5—6 vindstig á Dalatanga. Þar að auki séu straumar harðir við Austurland og sunnan Gerpis óhreinindi á siglinga-

leiðum. Þá vefngir stefnandi, að seglbúnaður um borð í m/s Rífsnesi hafi verið nokkur í umrætt sinn, eða að minnsta kosti eigi svo fullkominn sem skipstjórinn telji. Að því er varðar fjárhæð björgunarkröfu, tekur stefnandi fram, að björgunin hafi tekizt fullkomlega og björgunarmenn hafi sýnt verklægni og atorku. Stefnandi hafi lagt sig í lífshættu við starf sitt og enn fremur sé m/b Elding sérstaklega útbúið til björgunar.

Stefndi styður kröfu sína þeim rökum, að starf stefnanda í margnefnt skipti geti eigi talizt björgun í merkingu siglingalaga. Mótmælir stefndi því, að m/s Rífsnes hafi verið í hættu statt. Veður hafi verið ágætt og hafi það haldizt svo næstu daga á eftir. Telur hann áhöfn skipsins sjálfa hafa getað losað nótna úr skrúfunni, en það hefði að vísu eyðilaggt hana verulega. Þá telur hann m/s Rífsnes mundu hafa getað komizt til lands á seglabúnaði sínum, þó að ekki hefði tekizt að losa nótna úr skrúfunni. Skipið hafi verið búið góðum seglbúnaði, enda sé ekkert fram komið í málinu, sem hnekki skýrslu skipstjórans þar um. Þá bendir stefndi á það, að m/b Elding sé lítill bátur, sem naumast hefði getað dregið m/s Rífsnes, enda ekki tækjum búinn til þess. Búnaður allur um borð í m/b Eldingu til björgunarstarfa sé mjög ófullkominn, sem meðal annars megi marka af því, að ekki verður séð, að þar hafi verið til hamar og að sveðja sú, er stefnandi notaði, hafi verið bitlaus. Þá bendir stefndi á það, að verðmæti m/b Eldingar sé mjög lítið, skipið sé nánast talið ónýtt, og áhöfn þess aðeins kafarinn (stefnandi) og 15 ára unglingsdrengur. M/b Elding sé að nafninu til útbúið sem kafaraskip og atvinna þess og áhafnar sé að aðstoða fiskiflotann. Það hafi því eingöngu verið aðstoð, sem veitt var í margnefnt skipti, og telur stefndi kr. 25.000.00 hámarksþóknun fyrir þá aðstoð.

Af gögnum málsins má ráða, að veður og sjólag hafi verið gott, er m/s Rífsnesið festi nótna í skrúfunni, og haldizt gott næstu 3 daga. Þegar til þessara aðstæðna er lítið, verður eigi talið, að m/s Rífsnes hafi verið statt í yfirvofandi hættu, þegar m/b Elding kom því til hjálpar. Hinir sérfróðu meðdómendur telja útilokað, að skipverjum hefði tekizt að losa nótna úr skrúfunni á sjó úti.

Eftir að mál þetta var dómtekið, hlutaðist dómurinn til um, að framkvæmd væri prófun á því, hvernig skip, líkt og hér um ræðir, hefði möguleika á að sigla með seglum einum saman. Við þá prófun kom fram, að skipið náði að sigla 2—3 sjómíllur á klukkustund með vind aftan við þvert og vindstyrk 4—5 stig.

Var við prófunina notuð fokka og messi, og í stað stórseglis var notuð yfirbreiðsla, sem í skipinu var. Við samanburð á prófuninni og þeim aðstæðum, sem m/s Rifsnes hafði í umrætt sinni, kemur í ljós, að jafnvel þótt það skip hefði haft þau segl, sem haldið er fram, að hafi verið í skipinu, hefði það ekki getað náð betri árangri við siglingu með þeim en skip það, sem notað var við prófunina, enda var engin tilraun til þess gerð. Enn fremur ber á það að líta, að mjög þungur sjávarfallsstraumur er við Austurland. Er það því samdóma álit dómsins að telja verður allsendis óvíst, hvort eða hvenær skipið hefði getað náð til hafnar við þessar aðstæður.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, verður að telja með öllu óvíst, að m/s Rifsnes hefði af eigin rammleik náð til hafnar. Verður því að telja hjálp þá, sem stefnandi veitti skipinu í umrætt sinn, björgun í skilningi siglingalaga nr. 66/1963.

Það er óumdeilt í málinu, að verðmæti m/s Rifsness hafi verið kr. 7.600.000.00.

Með hliðsjón af því öllu, sem hér að framan er rakið, og þegar önnur atriði eru virt, sem máli skipta, þykja björgunarlaun til stefnanda hæfilega ákveðin kr. 150.000.00. Ber stefnda að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt er, þó þannig, að hæð þeirra ákveðst 6% frá 1. janúar 1965.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 22.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Hallgrími Jónssyni vélstjóra. Dómsuppsögn hefur dregizt nokkuð fram yfir venju, en það á rót sína að rekja til framangreindrar prófunar dómenda.

Dómsorð:

Stefndi, Ingvar Vilhjálmsson f. h. eigenda m/s Rifsness, RE 272, greiði stefnanda, Hafsteini Jóhannssyni f. h. eiganda og áhafnar m/b Eldingar, kr. 150.000.00 með 7% ársvöxtum frá 12. ágúst 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 22.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.